

## 2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 19. gr. vegalaga nr. 71 30. desember 1963, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 4. maí 1966.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

**S A M Þ Y K K T**

**um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð í Rangárvallasýslu,  
nr. 239 26. október 1964.**

## 1. gr.

Í skrá yfir sýsluvegi í 2. gr. komi til viðbótar:

**Í Austur-Landeyjahreppi:**

Strandavegur:

Af Landeyjavegi syðri um Strönd að Strandarhjáleigu.

**Í Vestur-Eyjafjallahreppi:**

Miðdalsvegur:

Af Þjóðvegi að Stóra-Dal að Miðdal.

## 2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Rangárvallasýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 19. gr. vegalaga nr. 71 30. desember 1963, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 4. maí 1966.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

**S T A R F S R E G L U R**

**fyrir endurkröfunefnd samkvæmt 76. gr. umferðarlaga nr. 26 2. maí 1958.**

## 1. gr.

Samkvæmt 76. gr. umferðarlaga nr. 26 2. maí 1958 skal starfa nefnd til að kveða á um, hvort endurkröfuréttindi skuli beitt gegn þeim, sem talinn er eiga sök á tjóni, sem váttryggingafélög hafa bætt vegna lögboðinna ábyrgðartrygginga ökutækja.